



Reykjavík, 13. 5 2016

## Niðurstaða athugunar á greiðslu kaupauka til tveggja framkvæmdastjóra Tryggingamiðstöðvarinnar hf.

Fjármálaeftirlitið tók til athugunar kaupaukagreiðslur Tryggingamiðstöðvarinnar hf. (TM) sem veittar voru tveimur framkvæmdastjórum TM vegna ársins 2014. Hvor um sig fékk kaupauka sem nam 10% af ársláunum þrátt fyrir að hafa ekki náð tilskildum lágmarksárangri fyrir veitingu þeirra samkvæmt lykilmælikvörðum settum af stjórn TM í samræmi við kaupaukakerfi félagsins. TM rökstuddi veitingu kaupaukanna með tilvísan til 79. gr. a laga nr. 2/1995 um hlutafélög (hfl.) þ.e. að kaupaukakerfi TM væri undirskjal starfskjarastefnu félagsins sem stjórn gæti vikið frá enda hefði frávikið verið rökstutt sérstaklega með vísan til árangurs aðila í starfi og rökstuðningurinn skráður í gerðarbók stjórnar. Frávikið hefði jafnframt verið í fullu samræmi við skilyrði 55. gr. laga nr. 56/2010 um váttryggingastarfsemi (vtrl.) og reglur Fjármálaeftirlitsins nr. 299/2012 um kaupaukakerfi váttryggingafélaga. TM hefði því verið heimilt að víkja að nokkru frá ákvæði kaupaukakerfis félagsins um þetta efni.

Váttryggingafélagi er heimilt, að teknu tilliti til heildarafkomu félagsins yfir lengri tíma, undirliggjandi áhættu og fjármagnskostnaðar, að veita kauprétt eða kaupaukagreiðslur í samræmi við reglur Fjármálaeftirlitsins nr. 299/2012, sbr. 1. mgr. 55. gr. vtrl. Umræddar reglur eru bindandi og öll frávik frá þeim með vísan til 79. gr. a hfl. þurfa því að vera í fullu samræmi við nefndar reglur Fjármálaeftirlitsins.

Ákvæði 1. mgr. 8. gr. reglnanna kveður á um að í kaupaukakerfi sé óheimilt að gera ráð fyrir tryggðum kaupauka, þ.e. kaupauka sem starfsmaður fær óháð árangri í starfi. Inntak 1. mgr. 8. gr. reglnanna er nánar útfært í 11. gr. þeirra. Í 11. gr. reglnanna kemur m.a. fram að kaupauki sé ekki heimill eða skuli aðeins veittur að litlu leyti ef tilskilin frammistaða í skilningi 1- 3. tölul. 1. mgr. 11. gr. þeirra næst ekki. Af ákvæðinu má ráða kröfu um að leggja skuli til grundvallar ákveðinn eða skilgreindan og mælanlegan árangur þegar tekin er ákvörðun um veitingu kaupauka og að mælikvarðar árangurs skuli ákvarðaðir fyrirfram, ekki jafnhliða ákvörðun um veitingu kaupaukans. Annars stæðu aðilar sjaldnast frammi fyrir því að tilskilin frammistaða næðist ekki.

Að teknu tilliti til alls framangreinds og þeirra gagna og upplýsinga sem aflað var frá TM var það niðurstaða Fjármálaeftirlitsins að TM hefði brotið gegn 1. mgr. 8. gr. reglna nr. 299/2012, sbr. 1. mgr. 55. gr. vtrl., þegar félagið ákvarðaði að hluta nýja árangursmælikvarða að baki 10% kaupauka samhliða ákvörðun um veitingu þeirra til tveggja framkvæmdastjóra félagsins.

Fram kom í gögnum málsins að TM hefði ákveðið að taka kaupaukakerfi félagsins til endurskoðunar að teknu tilliti til úttektar lögfræðipjónustu og regluvarðar TM. Fjármálaeftirlitið gerði af því tilefni þá úrbótakröfu að við endurskoðun á



# FJÁRMÁLAEFTIRLITIÐ

THE FINANCIAL SUPERVISORY AUTHORITY, ICELAND

kaupaukareglum TM yrði litið til framangreindrar niðurstöðu Fjármálaeftirlitsins og að endurskoðað kaupaukakerfi yrði sent stofnuninni.